

80
19. sept. Reglugjörð þessi sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 1. október 1929.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. september 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

81
23. sept.

AUGLÝSING

um

staðfesting stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp í Barðastrandasýslu.

Samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, sbr. lög nr. 7. 18. maí 1920, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, er hérmeð staðfest eftirfarandi lögreglusamþykkt fyrir Patrekshrepp í Barðastrandarsýslu.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir

Patrekshrepps í Barðastrandarsýslu.

I. KAFLI.

UM REGLU OG VELSÆMI Á ALMANNAFÆRI.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

2. gr.

81

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal^{23. sept.} við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur kaupsins utan gangstétta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi. í vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farartækjum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og fartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstétt, sem auðið er. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnum götum, eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, „stikk“ eða „klink“, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Enginn má skjóta úr byssu, rifli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum, yfir götu eða á götu né á svæði, sem almenningur fer um, eða ætlað er til almenningsnota, né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni, eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjóköggjum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar

81 sprengingar má aðeins gera við götur, torg eða á almannafæri, með
23. sept. leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina, hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans, ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almenntri reglu. Einnig er bannað að sýna af sér hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gegna þarfínda sinna á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Drukknun mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarsfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er utan dyra eða í opinberum samkomuhúsum innan takmarka hreppsins, er skyldur til að segja til nafns síns, ef lögregluvaldið krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, betur lögregluvaldið kafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum; en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

ÁKVÆÐI UM AÐ GERA UMFERÐINA GREIÐA

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur rjála við opinberar eignir í hreppnum.

13. gr.

81

Án leyfis lögreglunnar má enginn setjast að á götu eða al-²³.sept. mannaferi til að selja vörur eða reka aðra atvinnu.

Enginn má án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns láta fyrirberast á umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

14. gr.

Á almannafæri má enginn leggja, hengja upp né setja neitt, sem tálmar umferð manna, hvort heldur það eru vörur eða annað. Þó mega þeir, sem flytja vörur eða aðrar nauðsynjar heim til sín og ekki geta lagt þær á eigin lóð, leggja þess konar frá sér á meðan á flutningi stendur, en þeim ber að gæta þess, að gera öðrum sem minnstan farartálma. Vagnar og önnur flutningatæki mega aldrei standa á götu eða stræti lengur en á meðan þau eru losuð eða fyllt, og aldrei mega slík tæki standa þvert yfir götu, heldur skal þess alltaf gætt, að þau standi langs eftir götu og sem næst götubrún.

15. gr.

Á götu eða annarsstaðar á almannafæri má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt. Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt, eða hengja til þerris á götu, torgi eða öðru almannafæri þvott eða annað.

16. gr.

Engum, sem ekki er fullra 14 ára að aldri, má trúá fyrir sleða, vagni eða kerru, sem hestur dregur, né heldur flutningatækjum á landi eða sjó, sem knúð eru með véla-afli.

17. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur eða stræti, skulu viðhafa alla varúð, og er öllum bannað að ríða nema fót fyrir fót fram hjá húsdryum og fyrir götuhorn eða út og inn um port eða garðshlið. Svo er og stranglega bannað að ríða harðara en hægt tölt á götum kaupþingsins, og eru þeir, sem ríða eða aka, skyldir til að gera fótgangandi mönnum, sem á undan þeim er, viðvart í tæka tíð. Fælna hesta má ekki nota fyrir vagni eða sleða. Hvorki fælna né slæga hesta má reka lausa um götur kaupþingsins. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á götu eða almannafæri í hreppnum, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

81

23. sept.

18. gr.
 Það er bannað að ríða eða aka á móti skruðgöngum og lík-
 fylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt
 er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

19. gr.

Hjólreiðamenn skulu fara hægt og gætilega um götur kaup-
 túnsins, svo og þeir, sem aka farartækjum, sem knúð eru með véla-
 afli, og skulu þeir ætíð hafa bjöllur eða lúðra á farartækjum sínum
 og gæta þess að gera aðvart í tæka tíð, þeim sem á undan fara, og
 ætíð hringja eða blása í lúður áður en þeir fara fyrir götuhorn eða
 fram hjá dyrum, er liggja nærri götu. Ennfremur er þeim skylt að
 hafa ljósker á slíkum farartækjum, og hafa þau tendruð er þeir eru
 á ferð, frá því að skyggja tekur á kvöldin og þar til bjart er orðið
 að morgni.

20. gr.

Menn, sem bera orf og ljái um göturnar eða á öðru almanna-
 færi, skulu hafa það sitt í hvoru lagi.

21. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur
 kauptúns, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.
 Hestar í kauptúninu, ef þeir eru þar staddir, skulu ætíð hýstir um
 nætur á veturna.

22. gr.

Naut, sem farið er með um götur kauptúnsins, skulu ætíð
 leidd í nægilega traustu bandi, og að minnsta kosti tveir menn
 fylgja hverju nauti ársögömlu eða eldra. Aldrei mega naut standa
 úti á götu eða öðru almannafæri gæzlulaus. Naut mega ekki ganga
 laus með kúm hreppsúa.

23. gr.

Enginn má etja hundum saman né siga þeim á fólk, og verði
 einhver var við, að hundur ræðst á mann, er hann skyldur til að
 aftra því. Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, eða elta skepn-
 ur úti um haga, eru réttdræpir hvar sem þeir sjást úti. Hundar mega
 ekki vera lausir úti um nætur, svo nokkru ónæði valdi íbúum hrepps-
 ins. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns,
 skal lögreglustjóri láta handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram
 innan þriggja sólarhringa og greiði áfallinn kostnað, skal lóga slík-
 um hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

24. gr.

81

Ekkert það má hafa í opnum glugga við götu, sem niðun^{23. sept.} getur fallið og valdið skaða þeim, er um fara, og ekki má heldur leggja eða hengja neitt það upp á hús, eða hafa laust á húsum uppi, er skaða getur valdið vegfarendum, og bera eigendur og umráðamenn húsanna ábyrgð á þeim skaða, er stafar af hirðuleysi þeirra í þessu efni.

25. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg hreppsins né raska þeim á nokkurn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hreppsnefndar. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, frá því fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hreppsnefnd og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur eða torg í samt lag aftur, á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

26. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirætlum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannaþæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið, eða verki því, er unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

27. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt

81 er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem 23. sept. notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggapvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar, eða fyrirskipunum lögreglunnar hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

28. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Sama ábyrgð hvílir á eigendum, umráðamönnum og þeim, er verkið framkvæmir, og á brotum gegn 27. gr.

29. gr.

Sporbrautir, sem liggja eftir götu endilangt eða yfir, skulu því aðeins leyfðar, að þær að dómi hreppsnefndar séu taldar nauðsynlegar. Skulu allar slíkar sporbrautir falla niður í veginn þannig, að þær valdi ekki vegfarendum farartálma. Þar sem sporbrautir liggja yfir götu eða eftir, skulu þeir, sem með vagnana fara, gæta þess, að ekki hljótist tjón af, enda er slíkt á ábyrgð eiganda eða umráðamanna og þeirra, sem með fara, þá er slys ber að höndum. Geti sá, er með vagninn fer, ekki bætt tjónið, ber eiganda eða umráðamanni að gera það.

30. gr.

Þakjárn, sem notað er yfir fiskstakka eða annað, skal bundið eða á annan hátt fest svo vel, að það fjúki ekki í stormi. Bannað er að hafa þakjárn eða parta af þakjárninu laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað, sem meiðslum getur valdið ef fýkur. —

31. gr.

Báta eða annað má aldrei setja á vegi eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd eða lögreglustjóri, eða hvor um sig, látið færa slíka muni í burtu á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

III. KAFLI.

81

23. sept.

UM FRIÐUN ALMENNINGSEIGNA.

32. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla eignum hreppsins, hvort heldur það eru vegir, vatnsból, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, götuljósker, símar eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

33. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar neitt það, er hneyksli getur valdið, skemmdum eða óþrýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanna. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum hreppsþúa. Komi slíkt fyrir, skal sá, er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

34. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, matjurtagörðum eða skrudgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreit hreppsins eða saurga hann á nokkurn hátt.

35. gr.

Auglýsingar má ekki festa á íbúðarhús manna án þeirra leyfis. Bannað er að festa upp auglýsingar með járnnöglum eða öðrum nöglum á síma- eða rafmagnsstaura og aðrar opinberar eignir, eða eignir einstakra manna, nema með leyfi hlutaðeiganda. Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa náð tilgangi sínum. Opinberar auglýsingar má enginn taka niður í óleyfi, né skemma þær eða gera ólæsilegar á nokkurn hátt.

36. gr.

Enginn má skjóta fugla eða seli á annara fjörum, nema með leyfi landeiganda.

81
23. sept.

IV. KAFLI.

UM REGLU Á VEITINGASTÖÐUM OG ALMENNUM
SKEMTISTÖÐUM.

37. gr.

Hverjum, sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

38. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun.

39. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

40. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki hafa náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemtanir, sem ekki eru bundnar við neinn vissan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

41. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemtanir, án leyfis lögreglustjóra. Sé slíkt leyfi veitt, skal það bundið því skilyrði, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem kunna að verða sett með þar að lútandi reglugerð fyrir Patrekshrepp. Leyfishafi skal auk þess skyldur að hlýða þeim fyrirmælum, er lögreglan kann að setja til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Leyfishafa er og skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræstingu og hreinlæti í húsrúminu, og skal það ætíð nýræst, þegar samkoma byrjar og nægileg hrákaílát við hendina.

42. gr.

81

Á opinberum samkomum mega áheyrendur eða áhorfendur^{23. sept.} ekki trufla samkomuna með ósæmilegu látbragði eða hávaða, svo að aðrir geti ekki notið þess, er fram fer.

43. gr.

Í húsum þeim, sem opinberar samkomur eru haldnar í, skulu vera að minnsta kosti tvennar dyr til útgöngu, og skulu hurðir falla út.

44. gr.

Við hvert veitingahús eða almennt samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

45. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Hann getur og bannað, ef honum sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

46. gr.

Þegar samkoma stendur yfir fram á nótt, skulu þeir eða sá, sem fyrir henni stendur, láta gæta allrar varúðar við eldshættu, og ef enginn býr í húsinu, skal hann fullvissa sig um,, áður en skilið er við það, að ekki sé neinstaðar í því óslökktur eldur.

47. gr.

Sérhverjum, sem sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreisti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

V. KAFLI.

UM SAMGÖNGUR VIÐ SKIP.

48. gr.

Lögreglustjóri hefir heimild til, ef hann telur þess þörf til tryggingar góðri reglu og velsæmi, að gefa út fyrirskipanir og bönn gegn samgöngum við skip, er koma frá útlöndum, eða eru útlend,

81 en skýra skal hann þegar í stað stjórnarráðinu frá slíkum fyrir-
23. sept. skipunum og bönnum.

VI. KAFLI.

UM BÖRN Á GÖTUM KAAPTÚNSINS.

49. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 8 á kvöldin á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, og ekki seinna en kl. 10 frá 1. maí til 30. september, nema þau séu í fylgd með fullorðnum. Lögreglustjóri getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu né eiga erindi, að vera á bryggjum kaaptúnsins eða við fisk- og pakkhúsin, þegar verið er við fiskvinnu eða upp- og útskipanir.

VII. KAFLI.

UM ÁGANG BÚPENINGS.

50. gr.

Meðan sauðfjáreign er í hreppnum, skal ávallt vera til 5 manna nefnd, skipuð sauðfjáreigendum og jarðeigendum, en valin af hreppsnefnd til eins árs í senn. Skal nefnd þessi kosin í fyrsta sinni, þegar lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi, og síðan í janúar-mánuði ár hvert.

Hlutverk nefndar þessarar er að annast allar framkvæmdir, sem sauðfjáreigninni í hreppnum við koma, svo sem: að sjá um, að öllu sauðfé sé komið burtu úr kaaptúninu, samkvæmt ákvæðum 51. greinar, annast fjallgöngur, senda menn í aðra hreppa á réttir eftir fé á haustin og hafa allar aðrar framkvæmdir um fjallskil, samkvæmt gildandi fjallskilareglugerð. Skal hún semja fjallskilaseðil á hverju hausti og leggja fyrir hreppsnefndina til samþykktar. — Ennfremur skal nefndin sjá um handsömun á ágangsfénaði. Allir sauðfjáreigendur og jarðeigendur í hreppnum eru skyldir til að hlýða fyrirmælum þessarar nefndar.

51. gr.

81

Enginn má hafa sauðfé heima í kaптúninu á tímabilinu frá 20. maí til 20. september, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæzlu, að ágangur á annara land geti ekki af hlotizt.

52. gr.

Enginn má láta hross ganga laus í kaптúninu, nema í grip-heldri girðingu sé, sama gildir um geitfé og nautpening.

53. gr.

Hænsn, endur og aðrir alifuglar skulu alltaf byrgðir í heldum girðingum á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert.

54. gr.

Allan kostnað, er leiðir af ráðstöfunum, er gerðar kunna að vera út af ágangi fénaðar, greiðir eigandi fjárins, sömuleiðis tjón það, er ágangurinn kann að hafa valdið, og skal sá skaði metinn af lögreglustjóra og tveim mönnum, öðrum völdum af eiganda fjárins og hinum af tjónþola. Allan þann kostnað, er leiða kann af ráðstöfunum, er nefnd sú, sem um getur í 50. gr., kann að gera, greiða fjáreigendur eftir því sem nefndin ákveður.

VIII. KAFLI.

UM ALMENNT HREINLÆTI OG ÞRIFNAÐ.

55. gr.

Heilbrigðisnefndin hefir eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur, eftir þeim ákvæðum, sem þar um eru sett eða kunna að verða sett með heilbrigðissamþykkt fyrir hreppinn eða samkvæmt henni.

IX. KAFLI.

UM TRYGGINGU FYRIR HÆTTUM.

56. gr.

Vatnsból skulu vera svo vel byrgð, og svo traustlega, að engum, hvorki mönnum né skepnum, geti stafað hætta af þeim.

Sama gildir um safngryfjur.

81

23. sept.

57. gr.

Mannvirki og annað, sem ótalið er í 56. gr. og sem nokkur hætta getur stafað af, mönnum eða dýrum, skal vera svo tryggilega um húið, að engin hætta geti af stafað, að dómi lögreglustjóra.

Ef eigandi eða umráðamaður lætur farast fyrir, eftir boði lögreglustjóra, að gera slík mannvirki og um ræðir í þessum kafla svo tryggileg, að hættulaus séu, má lögreglustjóri láta gera það á hans kostnað.

58. gr.

Bannað er að nota gaddavírsgirðingar meðfram vegum í kaupúninu, og hvergi nær íbúðarhúsum eða almannafæri en sex metra. —

X. KAFLI.

UM STAÐGILDI SAMÞYKKTARINNAR, HEGNINGARÁKV. o. fl.

59. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Patrekshrepp í Barðastrandarsýslu.

60. gr.

Brot gegn lögreglusamþykkt þessari varða sektum allt að 500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, sem barn drýgir, skort á hæfilegri umsjón foreldra eða umráðamanna, er ganga þeim í foreldrastað, skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

61. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipun lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið gera það. Kostnað við þetta, og yfirleitt kostnaður sá, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir eða lætur gera til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykkt þessari, greiðist af þeim, sem brýtur. Ef hlutaðeigandi reynist ekki fær um að greiða kostnaðinn, greiðist hann úr sveitarsjóði.

62. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af samþykkt þessari og ekki verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði.

63. gr.

81

Mál, sem rísa kunna út af samþykkt þessari, skal farið með^{23. sept.} sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í sveitarsjóð.

Framanrituð lögreglusamþykkt er samin og samþykkt af hreppsnefndinni í Patrekshreppi og sendist hérmeð hinu háa Stjórnarráði Íslands til staðfestingar.

Í hreppsnefnd Patrekshrepps, 4. febr. 1929.

Jónas Magnússon.

Ólafur Þórarinsson. Árni G. Þorsteinsson.

Kr. J. Guðbrandsson.

Samþykkur framanritaðri Lögreglusamþykkt að öðru leyti en því, að ég álít það ákvæði skaðlegt fyrir heill kaupþúsins að bannað er að nautpeningur fái að ganga laus þar að sumrinu.

Magnús Þorsteinsson.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 18, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 7, 18. maí 1920, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi 15. október 1929.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. september 1929.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

Gissur Bergsteinsson.